



Reykjavík, 1. júlí 2024

MSS24060032

UMSÖGN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Umsögn um skýrslu og tillögur starfshóps um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa

Á fundi borgarráðs, dags. 13. júní 2024, var samþykkt að óska eftir umsögn skóla- og frístundaráðs um skýrslu og tillögur starfshóps um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa.

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki eftirfarandi umsögn um skýrslu og tillögur starfshóps um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa:

Þakkað er fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um skýrslu og tillögur starfshóps um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa sem dags. er í mars 2024 og kynnt var í borgarráði 13. júní 2024. Hópurinn er annar af tveim hópum sem voru skipaðir í byrjun árs 2023 um nýtingu húsnæðis í eigu borgarinnar. Auk þessa hóps var skipaður stýrihópur um samnýtingu skóla- og frístundahúsnæðis og skilaði hann tillögum sínum til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í júní 2023.

Tillagan um hverfiskjarna er athyglisverð og lýsir í raun grenndar- og hverfisupplifun borgarbúa frekar en til að mynda borgarhlutarnir gera eða uppskipting borgarinnar sem hverfisráð fylgja. Þá heilsast tillagan ágætlega við að nú er frístundastefna borgarinnar að renna sitt skeið (gildir til 2025) og mikilvægt að frístundastefnan og áform um hverfiskjarna skapi góða heild.

Önnur tillaga felst í að fækka verulega félagsmiðstöðvum fyrir eldra fólk og gera 5 félagsmiðstöðvar sérhæfðar félagsmiðstöðvar fyrir eldra fólk en ekki er sett fram tillaga um hvort og þá hvernig eigi að nýta það húsnæði þar sem nú eru reknar 12 félagsmiðstöðvar fyrir eldra fólk.

Hópur um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa setur fram fimm ábendingar. Hópurinn horfir í tveim ábendingum sínum talsvert til aukinnar nýtingar á húsnæði skóla en fjallar lítið um aukna nýtingu á félagsmiðstöðvum, samfélags- og menningarhúsum. Það hefði farið vel á því að hópurinn hefði fengið kynningu á tillögum stýrihóps um samnýtingu skóla- og frístundahúsnæðis til þess að hann gæti í ríkara mæli beint sjónum sínum að félagsmiðstöðvum, samfélags- og menningarhúsum í ábendingum sínum.



Reykjavík